



Blönduósi, 17.5.2024

Málsnúmer: 154. löggjafarþing 2023–2024. 930. mál.

Eftirfarandi er umsögn Húnabyggðar um frumvarp til laga um lagareldi. Fyrst eru settar fram helstu áherslur Húnabyggðar og þar á eftir fylgja athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Að mati Húnabyggðar eru það einkum eftirfarandi þættir sem þarf að breyta í frumvarpinu:

- Banna þarf alfarið notkun á frjóum laxi í sjókvíaleldi. Erfðablöndun á íslenskum stofnum laxfiska er grafalvarlegt náttúruslys sem má ekki gerast.
- Setja þarf skilyrðislaust bann við stroki úr sjókvíum og afleiðingar vegna stroka þurfa að vera óafturkræf svifting rekstrarleyfa.
- Herða þarf reglur um lús þannig að villtum stofnum stafi ekki hætta af. Veita þarf eftirlitsaðilum heimildir til að slátra fiski ef lús fer yfir 0,1 á hvern fisk að meðaltali og þarf slíkt að leiða til skerðingar framleiðsluheimilda.
- Sjókvíaleldi og annað lagareldi er ekki sértækt byggðarþróunarmál framyfir aðrar atvinnugreinar.

Eftirfarandi eru athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

1. gr.

Húnabyggð setur stórt spurningarmerki við að ein atvinnugrein sé sérstaklega eyrnamerkt sem byggðarþróunarmál. Allar atvinnugreinar eiga að standa jafnar hvorri annari og í þessu tilfalli er t.d. atvinnugreinum tengdum veiði á villtum laxfiski mismunað. Uppgangur sjókvíaleidis ógnar tilvist villtra stofna laxfiska og þar með afkomu þeirra sem af nýtingu þeirrar auðlindar hafa tekjur.

Í sjókvíaleldi er ekki hægt að tryggja verndun villtra nytjastofna og því marklaust að hafa það að markmiði.

6. gr.

Að mati Húnabyggðar ætti að banna alfarið eldi á frjóum laxfiski í sjókvíum.

7. gr.

Það er ógerningur að friða ákveðin svæði eins og dæmi um strokulaxa síðasta hausts sanna, en Húnabyggð ítrekar samt kröfu um að þau svæði sem nú þegar eru friðuð verði það áfram.

33. gr.

Húnabyggð leggst alfarið gegn því að rekstrarleyfi séu ótímabundin.

35. gr.

Mjög veik skilgreining á aðkomu Matvælastofnunar að innra eftirliti. Orðalagið „sannreyna reglulega“ segir ekkert og getur þess vegna verið á tíu ára fresti sem væri reglulega samkvæmt orðanna hljóðan.

36. gr.

Hér er talað um eftirlit Matvælastofnunar og aftur er það orðað „reglubundið“ án þess að það sé skilgreint nánar sem er veikt orðalag.



38. gr.

Hér er talað um að ekki megi ala frójan lax án skráningar en Húnabyggð leggur áherslu á að ekki megi ala frjóan lax í sjókvíum og að rekstraraðilum sé skylt að ala eingöngu ófrjóan lax.

39. gr.

Húnabyggð leggst gegn því að heimilt sé að framselja eða flytja laxamang milli smitsvæða.

42. gr.

Hér er kveðið á um að skylt sé að koma í veg fyrir strok. Húnabyggð er sammála þeirri nálgun og fer fram á að kveðið sé fastar að orði hvað þetta atriði varðar og að skilyrðislaus afturköllun leyfis fylgi broti á þessu ákvæði. Hægt er að koma í veg fyrir strok og búnaðar til þess t.d. tvöfaldar kvíar o.s.frv. er þekktur og ekkert sem kemur í veg fyrir að slíkar kvaðir séu skilgerindar sérstaklega.

43-51. gr.

Það skýtur skökku við að kveða á um bann við stroki en hafa síðan níu greinar um viðbrögð við stroki. Það sýnir að gengið sé út frá því að strok sé óhjákvæmilegur fylgifiskur laxeldis í sjókvíum. Það er rétt eins og getið er í 50. gr. að strok geta orðið vegna óviðráðanlega atvika eins og t.d. náttúrhamfara (fárviðri) o.s.frv. En sú staðreynd hefur einnig í för með sér að strok í sjókvíum er óumflýjanleg ef vissar aðstæður skapast. Þessi staðreynd sýnir einn helsta veikleika þessarar atvinnu-starfsemi.

Fjársektir vegna stroka verja bara opinbera aðila en ekki veiðifélög eða landeigendur sem verða fyrir fjárhagslegu tjóni vegna stroka. Atburðir síðasta hausts sýna svo ekki verður um villst að verulegur kostnaður fylgir því að leita að og veiða strokulaxa í ám.

Það er einnig sérstakt að banna sjókvíaeldi á ákveðnum stöðum (fjörðum) á Íslandi þar sem ekki er hægt að tryggja að strokulaxar ferðist inn á þau svæði sem eru bannsvæði og dæmin í veiðiám við Húnaflóa síðasta ár sanna það. Ítarkrafa til að vernda íslenska laxastofna væri að skylda rekstraraðila sjókvíaeldis að örmerkja alla eldisfiska þannig að finna megi á auðveldan hátt strokulax sem strýkur vegna óviðráðanlegra orsaka.

61. gr.

Húnabyggð leggur til að óheimilt sé með öllu að ala kynproska eldislax í sjókvíum. Þetta er tæknilega gerlegt og því ekkert því til fyrirstöðu að þetta sé skilyrði.

64. gr.

Skilgreining á afturköllun rekstrarleyfis sýnir á skýran hátt hversu óheilbrigð skilyrði eru í sjókvíum þ.e. að einungis þurfi eftir atviku að skila 20-40% af lífmassanum til að halda rekstrarleyfum.

Virðingarfyllst,
f.h. Húnabyggðar


Pétur Arason,
Sveitarstjóri HÚNABYGGÐAR